



A 1754/tillväxt

Flytjandi	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin
Afgreiðsla:	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndartillaga um árlega vog yfir norræna samþættingu

Tillaga

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún íhugi að skapa „vog“ byggða á vísum og ýmsum mælanlegum viðmiðum sem sýna hvort Norðurlöndin stefni í átt að meiri eða minni samþættingu, með því markmiði að Norðurlöndin verði samþættasta svæði í heimi.

Bakgrunnur

Fram til ársins 2010 áttu atvinnurekendaskamtökin Dansk Erhverv og Sydsvenska Industri- och Handelskammaren samstarf um þróun á sameiginlegum vísum fyrir atvinnulífið á Eyrarsundssvæðinu. Sú vinna lagðist niður vegna kostnaðar. Síðasti vísirinn sýndi 69 á 100-skala þar sem hæsta gildið samsvaraði fullri samþættingu. Á árinu 2017 voru kynntir nýir vísar, hagsveifluvog sem umrædd samtökin höfðu þróað og benti til jákvæðrar þróunar á svæðinu. 38% aðspurðra fyrirtækja sögðust íhuga að fjölga starfsfólki og 30% ráðgerðu frekari fjárfestingar.

Dansk Erhverv hyggst endurvekja vinnuna að Eyrarsundsvísu sem sýna samþættingu og hagþróun. Vísarnir verða væntanlega birtir í fyrsta sinn á árinu 2020 um leið og vísar um dansk-þýska þróun við Femernsundið í tilefni þess að þýsk yfirvöld hafa veitt leyfi til gangaframkvæmdanna.

Dansk Erhverv ráðgerir að birta vísana annað hvert ár, en þeir sýni hvernig samþættingu miðar fram á svæði sem stækkar þegar smíði ganganna undir Femernsundið lýkur. Enn liggur ekki ljóst fyrir hvaða breytur verða til grundvallar umræddum vísu. Nefndar hafa verið hagsveiflur, vinna yfir landamæri, húsnæðismál, atvinnuauglýsingar og margt annað. Almennt er óskað eftir vísu sem sýna pólitískar afleiðingar stjórnsýsluhindrana sem enn eru óleystar.



Álit nefndarinnar

Norrænu forsætisráðherrarnir tilkynntu á árinu 2017 að Norðurlönd ættu að verða samþættasta svæði heims. Í kjölfarið hófust ýmsar aðgerðir, meðal annars gerð norrænnar framkvæmdaáætlunar um hreyfanleika 2019–2021 og framtíðarsýnar fyrir norrænt samstarf til framtíðar. Samstarfsráðherrarnir samþykkja framtíðarsýnina 19. júní á þessu ári og síðan verður hún vonandi samþykkt af forsætisráðherrunum í ágúst. Framtíðarsýnin leggur áherslu á sjálfbær og samþætt Norðurlönd en auk almennrar framtíðarsýnar inniheldur hún stefnumarkandi áherslur Norrænu ráðherra-nefndarinnar. Hugmyndin að norrænni vog sem mælir samþættingu ætti að vera í samræmi við umrædda framtíðarsýn og þá viðleitni sem forsætisráðherrarnir gáfu til kynna á árinu 2017.

Gautaborg, 25. júní 2019

Arman Teimouri (L)
Freddy André Øvstegård (SV)
Helge André Njåstad (FrP)
Lorena Delgado Varas (V)
Lulu Ranne (saf)
Mikael Staffas (Lib)

Nils Aage Jegstad (H)
Pyry Niemi (S)
Ruth Mari Grung (A)
Solveig Sundbø Abrahamsen (H)
Stein Erik Luvås (A)